

Nd.

130. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. des.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskipta-hátta, svo sem tollabreytinga og friverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjör-um en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgana-laus fyrst í stað, allt eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengis-ákvæði.

Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til til-tekinnna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxta-mismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og megin-mál 1. og 3. gr. laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðn-lánasjóð, og gefa þau út svo breytt.